

## Skilmálar fyrir fríðindi MasterCard korta útgefin af Kreditkort

### 1. Inngangur

Kreditkort er í samstarfi við Points.is. (Punktakerfi ehf.) Points punktasoöfnun er fyrir korthafa MasterCard korta útgefnu af Kreditkort. Þau kort sem safna Points punktu eru tilgreind á heimasíðu Kreditkorts, [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is). Í skilmálum þessum telst korthafi vera sá sem er með samning við Kreditkort um stofnun kortareiknings vegna þeirra korta sem safna Points punktu. Um notkun kortsins fer samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum Kreditkorts sem korthafi hefur kynnt sér. Í því felst meðal annars að ef korthafi notar kort sitt telst hann hafa samþykkt skilmála þessa.

### 2. Skráning

Virkir korthafar geta safnað Points punktu. Til að teljast virkur þarf korthafi að skrá sig á Mínun síðu á [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is). Korthafar sem eru með opið kort í gildi og hafa skráð sig á Mínun síðu á [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is) vegna Points geta safnað punktu. Korthafi sem er í vanskilum fær ekki greidda Points punkta fyrir þá veltu sem samsvarar skuldinni. Handhafar einstaklingskorta geta skráð sig á Mínun síðu á [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is) og safnað Points punktu.

### 3. Tengigjald

Korthafi greiðir tengigjald árlega vegna tengingar sinnar við Points. Tengigjaldið er ákveðið hverju sinni samkvæmt gjaldskrá Kreditkorts. Kreditkort áskilur sér rétt til að breyta tengigjaldi með tilkynningu á heimasíðu félagsins, [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is).

### 4. Soöfnun Points punkta

Korthafar safna Points punktu á þann hátt sem fram kemur á heimasíðu [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is). Punktastafnast ávallt á kennitölu aðalkorthafa. Korthafi safnar Points punktu af allri veltu á kortinu, bæði innanlands sem erlendis, og hraðbankaúttektum. Punktastafaða er reiknuð mánaðarlega og er þá athugað hvort korthafi er með opið og gilt kort og ekki í vanskilum. Uppsafnaðir punktastar eru sendir til Points.is einu sinni í mánuði. Punktastafaða er birt á vefnum [www.points.is](http://www.points.is). Skilmála Points er hægt að nálgast á vefsíðu [points.is](http://points.is) hverju sinni.

### 5. Fyrning punkta

Points punktastar eru í gildi í tvö ár frá lokum þess greiðslutímabils þegar þeir soöfnuðust og séu þeir ekki nýttir innan þess tíma fyrnast 50% þeirra. Séu ónýttir punktastar ekki nýttir innan árs frá tveggja ára tímabilinu samanber 1. málsgrein þessarar greinar þá fyrnast þeir að fullu. Innleystir punktastar eru ávallt þeir elstu hverju sinni.

### 6. Afskráning/upplýsingar

Korthafi getur sagt sig hvenær sem er úr Points punktasoöfnun með úrsögn til Kreditkorts, á netfangið [kreditkort@kreditkort.is](mailto:kreditkort@kreditkort.is). Korthafi veitir Kreditkort heimild til að senda SMS, tölvupóst eða önnur rafræn skilaboð að hámarki þrisvar í mánuði um tilboð, afslætti eða sérkjör frá Points.is. Með því að samþykkja skilmála þessa telst korthafi hafa veitt fyrirfram samþykki í skilningi 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Kreditkort áskilur sér rétt til uppsagnar korthafa úr Points.is og fella úr gildi punktasoöfnun korthafa ef Kreditkort getur sýnt fram á brot á reglum Points.is, reglum um meðferð greiðslukorta eða öðrum reglum sem tengjast starfsemi Points.is og samstarfsaðilum þess.

## 7. Ýmislegt

Kreditkort áskilur sér rétt til þess að breyta fyrirkomulagi og skilyrðum punktasöfnunar korthafa hjá Points.is hvenær sem er. Í þessu felst meðal annars réttur Kreditkorts til að fella niður og/eða breyta reglum fyrir punktasöfnun hjá Points.is og við punktanýtingu hjá Points.is. Kreditkort ber enga ábyrgð á tjóni eða tapi sem korthafar kunna að verða fyrir vegna slíkra breytinga.

Kreditkort er ekki á neinn hátt ábyrgt fyrir vörum eða þjónustu sem boðnar eru á heimasíðu Points.is og hægt er að nýta Points punkta í. Kreditkort ber ekki ábyrgð á efndum og/eða vanefndum eða gallaðri vöru sem boðin er af Points.is eða samstarfsaðilum þess eða tjóni sem slíkt kann að valda. Ef upp koma deilumál vegna keyptrar vöru eða þjónustu skulu korthafar snúa sér beint til söluaðila vörunnar og/eða Points.is án milligöngu Kreditkorts.

Tilkynningar um breytingar á skilmálum þessum verða birtar á heimasíðu Kreditkorts [www.kreditkorts.is](http://www.kreditkorts.is). Jafnframt verður virkum korthöfum send tilkynning um allar meiri háttar breytingar í tölvupósti.

Mál sem rísa út af túlkun og efni þessara skilmála er heimilt að reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir taka gildi 27. febrúar 2012